

Samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða

1. gr.

Umdæmisráð barnaverndar, aðild, lagagrundvöllur, valnefnd og umsýslusveitarfélag

Sveitarfélöginn Akraneskaupstaður, Akureyrarbær, Ásahreppur, Bláskógbabyggð, Bolungarvíkurkaupstaður, Borgarbyggð, Dalabyggð, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Eyja- og Miklaholtshreppur, Fjallabyggð, Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Grundarfjarðarbær, Grýtubakkahreppur, Hornafjörður, Hrunamannahreppur, Húnabyggð, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Hveragerðisbær, Hörgársveit, Ísafjarðarbær, Kaldrananeshreppur, Langanesbyggð, Múlaþing, Mýrdalshreppur, Norðurþing, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Reykhólahreppur, Skaftárhreppur, Skagabyggð, Skagafjörður, Skagaströnd, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Skorradalshreppur, Snæfellsbær, Strandabyggð, Stykkishólmsbær og Helgafellssveit, Súðavíkurhreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Tálknafjarðarhreppur, Tjörneshreppur, Vestmannaeyjabær, Vesturbyggð, Vopnafjarðarhreppur, Þingeyjarsveit og Ölfus reka saman umdæmisráð Landsbyggða.

Samningur þessi er gerður með vísan til 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um skipan umdæmisráðs barnaverndar.

Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar að umdæmisráðinu með samþykki allra aðildarsveitarfélaga og með undirritun viðauka við samning þennan.

Sveitarfélöginn sem eiga aðild að umdæmisráði Landsbyggða skipa fimm manna valnefnd er fer með umboð sveitarfélagana til skipunar í umdæmisráð barnaverndar sbr. viðauka við samning þennan.

Sveitarfélöginn koma sér saman um að eitt þeirra sveitarfélaga sem valið er í valnefnd verði umsýslusveitarfélag sem er falið að annast fjárhagslega umsýslu vegna reksturs ráðsins og jafnframt ætlað að hafa yfirsýn yfir starf ráðsins.

Valnefnd skal skipuð einum fulltrúa frá hverjum landsfjórðungi auk þess sem sá fimmti skal vera frá umsýslusveitarfélagi hverju sinni.

2. gr.

Skipan umdæmisráðs

Valnefnd fær eins og segir í 1. gr. umboð til að ganga frá skipan umdæmisráðs barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár. Ef skipa þarf nýjan aðal- eða varamann á skipunartíma ráðsins annast valnefnd þá skipan einnig.

Ef ráðsmaður óskar lausnar eða er vikið úr ráðinu vegna framkomu hans eða skorts á almennu hæfi til setu í því skal skipa nýjan ráðsmann í hans stað til þess tíma sem eftir er af skipunartíma ráðsins. Staðið skal að skipun nýs aðal- eða varamanns með sama hætti og upphaflegri skipan.

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 2. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

Skipunartími ráðsmanna er frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2027.

3. gr.

Verkefni umdæmisláðs

Með samningi þessum fela aðildarsveitarfélögin umdæmisláðinu öll þau hlutverk sem því eru fengin í barnaverndarlögum og eftir atvikum öðrum lögum.

Umdæmisláð eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaga. Ráðsmenn umdæmisláðsinstaka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála.

Umdæmisláð tekur eftirfarandi ákváðanir með úrskurði sbr. tilvitnuð ákvæði barnaverndarlagu:

1. Beiting úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26. gr.
2. Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27. gr.
3. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28. gr.
4. Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjársviptingu, sbr. 29. gr.
5. Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74. og 81. gr.

Barnaverndarþjónusta undirbýr og fer fram á úrskurð umdæmisláðs vegna mála sem lúta úrskurðarvaldi ráðsins. Þegar farið hefur verið fram á úrskurð umdæmisláðs getur ráðið lagt fyrir barnaverndarþjónustu að afla frekari gagna sem ráðið telur nauðsynleg til að komast að niðurstöðu í málinu.

Umdæmisláðið annast sjálft ritun úrskurða og boðun funda með málsaðilum ef þörf er á.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða umdæmisláðs fer samkvæmt stjórnsýslulögum.

Þegar fyrir liggur úrskurður umdæmisláðs barnaverndar ber barnaverndarþjónustu án tafar að koma honum til framkvæmdar í samræmi við hagsmuni barnsins.

Gögn sem verða til hjá umdæmisláði, skulu varðveisst hjá barnaverndarþjónustu í gagnagrunni og stafrænum lausnum í skjalasöfnum viðkomandi barnaverndarþjónustu. Umdæmisláðið hefur aðgang að gögnum mála hjá viðkomandi barnaverndarþjónustu. Fer svo með þennan hluta samnings þar til gögn barnaverndarmála verða varðveisst í gagnagrunni og stafrænum lausnum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og fer þá um þau mál í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

4. gr.

Aðbúnaður og aðsetur umdæmisláðs og tengiliðir

Aðildarsveitarfélögin útvega ráðsmönnum nauðsynlegan búnað s.s. tölvur og internettengingu.

Umdæmisláð hefur ekki fast aðsetur en aðildarsveitarfélögin skuldbinda sig til að útvega þeim fundaraðstöðu á hverjum stað eftir því sem nauðsyn krefur.

Yfirmaður barnaverndarþjónustu og eftir atvikum lögfræðingur þjónustunnar annast nauðsynleg samskipti við formann umdæmisláðs barnaverndar.

Formaður umdæmisláðs hefur yfirstjórn ráðsins með höndum og er tengiliður umdæmisláðs við barnaverndarþjónustur þeirra.

Valnefnd setur verklagsreglur fyrir barnaverndarþjónusturnar sem tilheyra umdæmisráðinu. Slíkar reglur eru til að tryggja samræmi um umgjörð umdæmisráðsins þannig að framkvæmd, samskipti og aðbúnaður ráðsins verði með sama hætti hvar á landinu sem ráðið mætir.

5. gr.

Póknun ráðsmanna

Þóknun ráðsmanna skal taka mið af þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma.

Ráðsmenn fá greidda fasta þóknun á mánuði fyrir setu í ráðinu. Föst þóknun formanns skal vera 60% af þingfararkaupi, föst þóknun annarra aðalmanna skal vera 15% af þingfararkaupi.

Þóknun varamanna skal vera 15% af þingfarakaupi fyrir hvern setinn fund.

Ráðsmenn fá greiddan útlagðan ferðakostnað samkvæmt framlögðum reikningum. Sú barnaverndarþjónusta sem heldur fund sér um að greiða og annast ferðatilhögun ráðsmanna í samráði við formann umdæmisráðsins. Séu nokkur sveitarfélög með mál á sama fundi skiptist sá kostnaður jafnt, sbr. 6. gr. reglna þessara. Eitt sveitarfélaganna skal þó sjá um að greiða og í framhaldinu að skila inn kostnaðarupplýsingum til umsýslusveitarfélagsins sbr. nánari útfærslu í verklagsreglum valnefndar.

6. gr.

Skipting kostnaðar milli sveitarfélaga

Föst þóknun ráðsmanna sbr. 2. mgr. 5. gr. og þóknun varamanna sbr. 3. mgr. 5. gr. og almennur kostnaður við rekstur ráðsins sbr. 1. mgr. 4. gr. skiptist milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.

Umsýslusveitarfélagið metur þörf fyrir breytingu á starfshlutfalli ráðsmanna og ákveður í samráði við valnefndina aukið/minnkað þóknunarhlutfall eftir atvikum. Ef um kostnaðarauka er að ræða skiptist sá kostnaður milli sveitarfélaga í samræmi við fjölda íbúa. Þá sækir umsýslufélagið einnig um til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tilgangi að fá styrk til þess að jafna ferðakostnað ráðsmanna. Verður nánar fjallað um þetta í verklagsreglum sem valnefndin setur sbr. 5. mgr. 4. gr.

7. gr.

Úrsögn sveitarfélags

Ákveði sveitarfélag að hætta aðild að umdæmisráði þessum skv. samningi þessum og ganga inn í annað umdæmisráð skal viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með skriflegum hætti til umsýslusveitarfélagsins. Tekur úrsögn þá gildi við næstu mánaðamót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt upp allan þann kostnað sem því ber sbr. 5. gr.

8. gr.

Gildistaka

Samningur þessi öðlast gildi 1. janúar 2023 og gildir til 31. desember 2027.